

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum. (Þingskjal 129).

Frumvarp þetta, sem er komið hingað í deildina frá háttvirtri neðri deild, er að öllu samhljóða samskonar frumvarpi, sem samþykkt var í neðri deild á þinginu 1912, en ekki varð útrætt hjér í þessari háttvirtu deild.

Um ákvæðin í 2. og 3. gr. frumvarpsins skal það eitt tekið fram, að nefndin lítur svo á, að þau sjeu eðlileg og rjettlát, og felst því eindregið á að ráða háttvirtri deild til að samþykkja þau.

Um ákvæði 1. gr., um upphæð styrksins úr landssjóði, getur verið meira álitamál, og um það atriði vill nefndin því fara nokkrum orðum.

Um landssjóðsstyrkinn getur þrent komið til mála:

1. Að auka hann ekkert úr því, sem hann er ákveðinn í gildandi lögum.
2. Að auka hann eins og fram á er farið í frumvarpinu um 1500 kr. á ári um óákveðinn tíma.
3. Að auka hann um ákveðið árabíl eða með einhverri upphæð annari en þeirri, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um fyrsta atriðið kemur það til athugunar, hvort styrktarsjóður barnakennara sje líklegur til að geta fullnægt tilgangi sínum í framtíðinni, án þess við sje bætt landssjóðs tillagi.

Nú er svo ákveðið, að þar til sjóðurinn er orðinn 20 þús. kr., má eigi öðru úthluta í styrk úr honum en ársvöxtunum. En þegar hann hefir náð þessari upphæð, má árlega veita styrk, er nemur  $\frac{3}{4}$  allra ársvaxta hans.

Tekjur sjóðsins eru nú:

Tillag frá kennurum er mun nema...	...	...	13—1500 kr.
— úr landssjóði	...	...	1000 —

og eru því árstekjurnar auk vaxta 2300—2500 kr.

Eftir reikningum sjóðsins voru eignir hans:

Í árslok 1910 um	...	...	7570 kr.
- — 1911 —	...	...	10000 —

og með likum vexti má því búast við að eignir hans verði í lok þessa árs um 15000 kr. og að hann verði búinn að ná 20000 kr. upphæðinni á árinu 1916.

Að þeim tíma liðnum, má búast við, að árstekjurnar verði:

Vextir $4\frac{1}{2}\%$ af 20000 kr.	...	...	= 900 kr.
Tillög frá kennurum ..	...	...	1500 —
Tillag úr landssjóði ...	...	...	1000 —

Samtals 3400 kr.

Eftir þessu ætti að geta komið bráðlega til úthlutunar alt að 2600 kr. á ári eða ca. þreföld vaxtaupphæðin af 20000 kr., en það færi lítið vaxandi, af því sjóðurinn stækkaði seint úr því þessu marki væri náð, eða ekki nema um 8—900 kr. á ári fyrst fram eftir.

Á landinu eru nú sem stendur um 300 barnakennarar. Af þessum kennarahóp eru vafalaust mjög margir ungir kennarar og nýlega komnir að stöðunni, og fyrst um sinn er líklegt, að ekki verði mjög margir kennarar, sem þurfi styrks og sem jafnframt fullnægi skilyrðunum til þess að geta notið hans. Þetta verður alt

annað, þegar lengra liður frá og hinn núverandi kennaraflokkur, sem er allstór, fer að eldast, þá hlýtur þeim mjög að fjölga, sem styrks þarfnast og styrks geta orðið aðnjótandi.

Á næstu árunum eftir 1916 er ólíklegt, að þeir, er heimilt væri að veita, næðu þeirri tölu, að verða 20, og styrkþurfar þaðan af færri, og ættu því að geta fengið árlegan styrk, er nemur allmikið meira en 100 kr. á hvern styrkþega, sje öllu því úthlutað er lögin leyfa. Þetta er ekki all-lítill styrkur á mann, sem ekki virðist brýn nauðsyn bera til að auka. Hitt er annað mál, að þegar frá liður og styrkþurfum fjölgar, þá er sennilegt, að ekki yrði hægt að veita hverjum einstökum styrkþega jafnmikið fje og á meðan þeir voru mun færri, því engar líkur eru til, að sjóðurinn hefði aukist svo, að árlegar greiðslur gætu vaxið jöfn-um skrefum og aukin þörf.

Um annað atriðið er ekki ástæða til að fjölyrða mikið.

Það er fjótsjeð að með 1500 kr. auknu árgjaldi úr landssjóði yrði sjóðurinn orðinn alt að 20000 kr. í árslok 1914.

Eftir þann tíma gæti því komið til úthlutunar  $\frac{3}{4}$  af árstekjunum, sem yrðu samkvæmt áður sögðu:

Tillög frá kennurum og úr landssjóði áætlað. ...	kr. 4000
Vextir áætlaðir ... ..	900
	<hr/>
	Samtals kr. 4900

eða til árlegrar úthlutunar 3670 kr., en þetta væri fjórföld upphæð við það, sem næsta ár á undan hefði verið handbært, meðan að eins mátti úthluta vöxtunum ca. 900 kr. Þetta er svo mikið fje, að samkvæmt áður gerðri áætlun um styrkþega fyrst framan af, mætti búast við, að það næmi alt að 200 kr. að jafnaði á hvern mann, er styrk gæti fengið úr sjóðnum.

Aukning sjóðsins færi og ekki miklu hraðara fyrir þetta, þótt hann ykist um 1200—1300 kr. árlega í stað 800—900 kr., og mætti því búast við enn meiri afturkipt til lækkunar á styrk til hvers einstaks styrkþega, þegar frá liði og styrkþurfum fjölgaði, en með því að halda gildandi lögum óbreyttum í þessu efni.

Um þriðja atriðið er fyrst það að segja, að alt ber að sama brunni og á hefir verið drepið, ef ætlast er til, að jöfn upphæð greiðist árlega úr landssjóði um óákveðinn tíma, án þess hámarki sjóðsins sje breytt áður leyfilegt sje að nota  $\frac{3}{4}$  af árstekjum hans.

Það er hámark sjóðsins, þegar farið er að úthluta  $\frac{3}{4}$  af tekjunum, sem er óhæfilega sett, ef landssjóðstillagið er nokkuð aukið. Að áliti nefndarinnar verður styrkþörfin miklu meiri þegar frá liður, en hún verður fyrst um sinn, og því lítur nefndin svo á, að gott væri, að sjóðurinn væri orðinn allhár og eigi minni en 50 þús. áður leyfilegt sje að úthluta  $\frac{3}{4}$  af árstekjum hans.

Sje því landssjóðstillagið aukið á þann hátt, sem frumvarpið fer fram á, þá álitur nefndin þannig, að ekki eigi að nota annað en vöxtu sjóðsins til árlegrar úthlutunar, fyr en hann er orðinn 50 þúsund kr.

Ef tillagið úr landssjóði er 2500 kr. árlega, þá eykst sjóðurinn um 4000 kr., svo framt tillagið frá kennurunum er 1500 kr. og engu er eytt nema vöxtum. Eftir 9 ár frá þessu ári að telja, yrði þá 50 þús. krónu markinu náð, eða í árslok 1922.

En þegar svo er komið, þá nema ársvextirnir með  $4\frac{1}{2}\%$  2250 kr. og þótt

tillag landssjóðs hætti þá með öllu, myndi sjóðurinn aukast alt að 1000 kr. árlega þótt  $\frac{3}{4}$  allra árstekna yrði eytt.

Að þessu er þannig varið er ljóst, því:

Ársvextir af 50 þús. kr. $4\frac{1}{2}\%$ eru . . .	2250 kr.
Tillög kennara áætluð . . . . .	1500 —
	<hr/>
Árstekjur	3750 kr.

$\frac{3}{4}$  af þessari upphæð er kr. 2812,50 og afgangurinn, sem legðist til sjóð-  
auka þegar í byrjun, kr. 937,50.

Þegar svo er komið, er því alt upp undir 3000 kr. árlega til úthlutunar, og því að vísu nokkru meira en áður var, þegar um vextina eina, 2250 kr., var að ræða. Og þetta er ekki svo lítið fje, því þótt styrkþurfar væru um 30 eða 10% af tölu kennaranna, þá væri það þó um 100 krónur að jafnaði á hvern styrkþurfa.

Hjer við bætist og, að fje það, sem varið er til styrks, fer frá upphafi smávaxandi og heldur áfram að vaxa nokkuð jafnt og þjett, án þess stór stökk eigi sjer stað, en þetta verður nefndin að telja eðlilegast.

Af þessum ástæðum aðhyllist nefndin þá leiðina, að landssjóðstillagið til sjóðsins sje hækkað upp í 2500 kr. á ári, þar til hann hefir náð 50 þús. kr., en hætti þá með öllu.

Þetta er til ekki óverulegra hagsmuna fyrir styrktarsjóðinn, en er líka hagur fyrir landssjóð, þegar fram í sækir, að því leyti sem það losar hann við árgjald til styrktarsjóðsins, eftir að hann er orðinn 50 þúsund kr.

Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að háltvirt deild samþykki frumvarpið með þeirri breytingu á 1. gr., sem eftirfarandi breytingartillaga fer fram á.

#### BREYTINGARTILLAGA.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist þannig:

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 kr. Innan þess tíma má ekki verja öðru til árlegra útgjalda en vöxtum af sjóðnum.

Árgjaldið úr landssjóði fellur niður þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr.

Efri deild Alþingis, 4. ágúst 1913.

Eiríkur Briem,                      Józef Björnsson,                      Þórarinn Jónsson.  
(formaður).                      (skrifari og framsögum.).